

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni um kostnað við heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda ferðamenn.

Vegna fyrirspurnar um veitta heilbrigðisþjónustu til erlendra ferðamanna var leitað svara hjá Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Sjúkratryggingum Íslands. Þá var leitað til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, en þær eru Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Meirihluti þeirra erlendu ferðamanna sem leita heilbrigðisþjónustu meðan á dvöl þeirra á Íslandi stendur á rétt á aðstoð í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga um sjúkratryggingar. Ferðamenn sem koma frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins og eru sjúkratryggðir í samningsríki eiga rétt á nauðsynlegri aðstoð hjá þjónustuveitanda. Um greiðslur fer þá samkvæmt sömu reglum og gilda um sjúkratryggða einstaklinga hér á landi. Alþjóðadeild Sjúkratrygginga Íslands annast endurgreiðslur sjúkrakostnaðar og eftirfylgni heilbrigðisþjónustu við einstaklinga sem sjúkratryggingar og milliríkjasamningar um sjúkratryggingar gilda um og endurkrefja erlendar sjúkratryggingastofnanir um útlagðan kostnað vegna þjónustunnar.

Ferðamenn sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins eiga rétt á neyðar- aðstoð hins opinbera heilbrigðiskerfis hér á landi, þ.e. heilbrigðisþjónustu sem hinu opinbera er skylt að veita samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Fyrir aðstoðina greiða þeir fullt gjald skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1177/2017, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustuna. Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki þjónustuveitanda og hafa ekki milligöngu um endurkröfur í þessum tilvikum.

Fæstar stofnanir gera greinarmun á kostnaði eða tekjum frá ósjúkratryggðum einstaklingum eftir því hvort þeir eru erlendir ferðamenn, erlendir einstaklingar í vinnu á Íslandi sem hafa ekki fengið íslenska kennitölu, hælisleitendur eða Íslendingar sem eru ósjúkratryggðir á Íslandi vegna 6 mánaða reglu. Erlendir ferðamenn sem fá notið heilbrigðisþjónustu á Íslandi tilheyra þannig stærra mengi ósjúkratryggðra sjúklinga. Í sjúkraskrárkerfum eru ferðamenn ekki merktir sérstaklega og því snúid að einangra þann hóp frá öðrum ósjúkratryggðum sjúklingum. Voru heilbrigðisstofnanirnar því misvel í stakk búnar til að meta þann kostnað sem spurt er um í fyrirspurninni. Því verður að hafa í huga að forsendurnar að baki tölunum í svörunum hér að neðan geta verið mismunandi og ber að taka tölunum með fyrirvara.

1. Hver var árlegur heildarkostnaður ríkissjóðs vegna veittrar heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda ferðamenn, hvert ár 2015–2017 og samtals fyrir árin 2008–2014? Óskað er eftir að kostnaður sé sundurliðaður eftir Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

Tafla 1. Heildargreiðslur erlendra ferðamanna.

Heilbrigðisstofnanir	2008–14	2015	2016	2017	Forsendur
Landspítali	2.259.614.490	603.736.905	695.654.105	870.821.141	DRG
Sjúkrahúsið á Akureyri	230.158.900	51.584.333	84.181.481	99.595.938	1
Heilbr.stofnun Vesturlands	–	–	–	11.100.000	1
Heilbr.stofnun Vestfjarða	7.264.488	2.082.118	3.898.389	5.079.166	Ósjúkratryggðir
Heilbr.stofnun Norðurlands	–	8.375.542	11.971.366	16.325.460	2
Heilbr.stofnun Austurlands	15.792.133	4.419.309	9.386.310	9.118.293	Erl. kennitala
Heilbr.stofnun Suðurlands	–	–	–	–	n/a
Heilbr.stofnun Suðurnesja	5.016.000	1.840.000	2.286.000	2.895.000	3
Heilbrigðisstofnanir samtals	2.517.846.011	672.038.207	807.377.651	1.014.934.998	
Sjúkratryggingar Íslands	488.056.205	109.903.220	162.741.590	110.924.373	4

- DRG-kostnaður eins og LSH reiknar hann lagður til grundvallar reikningum ósjúkratryggðra.
- Tekjur vegna erlendra ríkisborgara, þjónustugjöld og endurgreiðslur SÍ endurspeglar kostnað Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.
- Miðað er við áætlun stofnunarinnar.
- Sjúkratryggingar Íslands fá kostnað vegna ferðamanna frá EES endurgreiddan erlendis frá, nema í tilfellum sem falla undir Norðurlanda- eða Lúxemborgarsamning. Þar hefur verið samið um gagnkvæmt afsal endurkrafna, sem þýðir að SÍ berast ekki heldur reikningar frá þeim ríkjum vegna kostnaðar sem þeir sem eru sjúkratryggðir á Íslandi hafa valdið.

2. Hver er útistandandi heildarfjárhæð ógreiddra reikninga fyrir hvert ár 2015–2017 og heildarfjárhæð árána þar á undan?

Tafla 2. Útistandandi heildarfjárhæð ógreiddra reikninga.

Heilbrigðisstofnanir	2008–14	2015	2016	2017	Forsendur
Landspítali	–	55.900.196	90.432.890	285.968.439	DRG
Sjúkrahúsið á Akureyri	–	–	–	5.775.306	DRG
Heilbr.stofnun Vesturlands	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	
Heilbr.stofnun Vestfjarða	488.078	–	–	–	1
Heilbr.stofnun Norðurlands	–	–	–	–	2
Heilbr.stofnun Austurlands	–	–	–	–	n/a
Heilbr.stofnun Suðurlands	–	1.793.620	3.568.160	10.494.453	Ósjúkratryggðir
Heilbr.stofnun Suðurnesja	3.000.000	650.000	1.300.000	1.700.000	Áætlun stofnunar
Heilbrigðisstofnanir samtals	4.988.078	58.050.196	93.232.890	294.943.745	
Sjúkratryggingar Íslands	3.057.406	4.054.385	96.334.593	285.929.626	

- Í svari Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða kemur fram að ekki hafi verið innheimtar kröfur á ósjúkratryggða frá árinu 2010.
- Í svari Heilbrigðisstofnunar Norðurlands kemur fram að engir ógreiddir reikningar séu útistandandi hjá stofnuninni.

3. Hverjar eru árlegar afskriftir, beinar og óbeinar, sbr. 2. tölul.?

Tafla 3. Árlegar afskriftir (beinar og óbeinar) útstandandi ógreiddra reikninga.

Heilbrigðisstofnanir	2008-14	2015	2016	2017	Forsendur
Landspítali		21.599.554	19.838.873	28.033.219	Óbeinar
Sjúkrahúsið á Akureyri	959.816	10.000	56.700	68.200	
Heilbr.stofnun Vesturlands	300.000	300.000	300.000	300.000	
Heilbr.stofnun Vestfjarða	500.000				1
Heilbr.stofnun Norðurlands	–	–	258.337	237.622	2
Heilbr.stofnun Austurlands	1.964.310	574.508	1.818.650	5.862.994	3
Heilbr.stofnun Suðurlands	–	–	–	–	4
Heilbr.stofnun Suðurnesja	3.000.000	650.000	1.300.000	1.700.000	Áætlun stofnunar
Heilbr.stofnanir samtals	6.724.126	23.134.062	23.572.560	36.202.035	
Sjúkratryggingar Íslands	4.882.062	102.148	192.204		5

1. Í svari Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða kemur fram að ekki hafi verið reynt að innheimta kröfur á ósjúkratryggða frá árinu 2010.
2. Niðurfelldir reikningar vegna erlendra ríkisborgara sem eiga að vera sjúkratryggðir en gögn vantar til að krefjast endurgreiðslu.
3. Í svari Heilbrigðisstofnunar Austurlands kemur fram að bæði sé um að ræða afskriftir og útstandandi skuldir.
4. Í svari Heilbrigðisstofnunar Suðurlands kemur fram að erlendar kröfur séu ekki afskrifaðar hjá stofnuninni.
5. Í svari SÍ kemur fram að með bættu verklagi hafi tekist að útrýma afskriftum.

4. Hver er árlegur innheimtukostnaður vegna fyrrgreindra reikninga, hver er fjöldi ársverka vegna innheimtunnar og hve stór hluti kostnaðarins hefur verið greiddur?

Engin stofnananna, utan Sjúkrahússins á Akureyri og Sjúkratrygginga Íslands, hafði gert sérstaka greiningu á innheimtukostnaði eftir því hvaða kröfur væri verið að innheimta. Sjúkrahúsið á Akureyri taldi að um væri að ræða 3 millj. kr. á ári að meðaltali en SÍ um 30 millj. kr. Þá hélt engin stofnananna utan um það hversu stór hluti kostnaðar hefði verið greiddur. Fimm stofnanir gátu áætlað hversu mörg stöðugildi jafngiltu vinnuframlagi við ósjúkratryggða sjúklinga umfram vinnuframlag við sjúkratryggða eins og sjá má í töflunni hér að neðan.

Tafla 4. Fjöldi ársverka vegna innheimtu.

Heilbrigðisstofnanir	Stöðugildi
Landspítali	6,00
Sjúkrahúsið á Akureyri	0,25
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	0,03
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	–
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	0,05
Heilbrigðisstofnun Austurlands	–
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	0,30
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	–
Heilbrigðisstofnanir samtals	6,63
Sjúkratryggingar Íslands	2

Landspítalinn benti á í svári sínu að komugjöld væru innheimt á um 20 stöðum á spítalanum og að starfsmenn þar og á fjármálasviði, þar sem reikningagerð og önnur innheimta fer fram, sinntu jafnframt ýmsum öðrum störfum. Þessi innheimta er lögbundin samkvæmt reglugerðum sem heilbrigðisráðherra setur. Almennt er ferli innheimtu komugjalda á bráða-, dag- og göngudeildir Landspítalans þannig að mikil áhersla er lögð á staðgreiðslu. Hlutfall staðgreiddra krafna er nokkuð misjafnt eftir deildum en að meðaltali er það um 80%. Ef ekki er staðgreitt er krafa stofnuð í netbanka og greiðsluseðill sendur í pósti. Áminningarbréf er sent 10 dögum eftir eindaga, sem er 30 dagar, og ítrekunarbréf 45 dögum eftir eindaga. Ef ekki er greitt innan þess tíma er krafan send í lögfræðinnheimtu.

5. *Hefur allur óbeinn kostnaður sem hlýst af meðferð sjúklinganna og innheimtuvinnu verið lagður á þá sem innheimtan beinist að og hefur hann allur innheimst? Ef svo er ekki, um hvaða kostnað er að ræða sem ekki er lagður á og innheimtur?*

Með auknum heimsóknum ferðamanna og fjölgun erlendra starfsmanna sem starfa hér um skamman tíma hefur eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu aukist. Fyrir utan þjónustuna sjálfa koma til ýmis afleidd viðfangsefni, svo sem vegna tungumálaerfiðleika í samskiptum við sjúklinga, vegna samskipta við aðstandendur, tryggingafélög og aðra erlenda aðila, vegna gagnaöflunar og upplýsingaskráningar, og síðast en ekki síst þarf oft að aðstoða við flutning sjúklings.

Í lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, er fjallað um gjaldtöku vegna heilbrigðisþjónustu í gr. 29. Í athugasemdum við umrædda grein frumvarpsins kemur fram að þessir aðilar skuli greiða raunkostnað af þeirri þjónustu sem þeir fá á heilbrigðisstofnunum, heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, enda eru þeir oftast með tryggingar í heimalandi sínu. Um gjaldið fer skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1177/2017 og nær það til alls kostnaðar, t.d. við innritun og aðstöðu, til tímagjalds vegna lækniþjónustu eða þjónustu annarra heilbrigðisstarfsmanna, til kaupa á aðföngum, leigu á húsnæði og kostnaðar við hjálpartæki og lyf, auk innheimtukostnaðar. Ekki er gert ráð fyrir að innheimt sé sérstaklega fyrir viðbótarþjónustu vegna umsýslu ósjúkratryggðra.

6. *Hvernig hyggst ráðherra draga úr kostnaði við innheimtuna og draga úr þeirri vinnu og fyrirhöfn sem henni fylgir? Hvað má gera ráð fyrir að mörg ársverk séu bundin í innheimtunni?*

Eins og fram hefur komið fer um heimild til innheimtu gjalda vegna sjúklinga sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1177/2017, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustuna. Núgildandi lögum er ætlað að draga úr innheimtukostnaði eins og kostur er, sbr. svar við lið 5, en í ljósi mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna sem hingað koma þarf að taka fyrirkomulag á innheimtu umrædds kostnaðar enn fastari tókum.

7. *Hvað hyggst ráðherra gera til þess að koma í veg fyrir að erlendir ferðamenn, sem nýta sér heilbrigðisþjónustuna, yfirgefi landið án þess að fullnægjandi greiðsla eða fullnægjandi tryggingar hafi borist fyrir þjónustuna?*

Ferðamenn frá löndum innan EES-svæðisins greiða sama gjald til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa hér á landi og sjúkratryggðir einstaklingar hér á landi ef þeir framvísa sjúkratryggingakorti sínu auk vegabréfs sem staðfestir ríkisfang viðkomandi. Í einstaka tilfellum getur fullnægjandi greiðsla frá sjúkratryggingum erlendra aðila sem sannanlega eru með gildar sjúkratryggingar tekið lengri tíma en eðlilegt þykir. Meirihluti þeirra erlendu ferða-

manna sem eru ekki með gildar sjúkratryggingar og nýta sér heilbrigðisþjónustu á Íslandi staðgreiðir þjónustuna skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1177/2017 (staðgreiðsluhlutfallið er um 66% hjá Landspítala). Líkt og komið hefur fram gefur fjölgun erlendra ferðamanna tilefni til þess að taka fyrirkomulag á innheimtu umrædds kostnaðar fastari tókum.

8. Í hverju felast fullnægjandi tryggingar að mati ráðherra og telur ráðherra að tryggingarnar hafi reynst fullnægjandi hingað til?

Skýr lagarammi gildir um málefnið og eins og áður hefur komið fram eiga þeir sem eru ekki sjúkratryggðir hér á landi rétt á neyðaraðstoð á vegum hins opinbera heilbrigðiskerfis hér á landi, sbr. lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 1177/2017, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustuna.